



Starfsáætlun innviðaráðuneytis 2022–2025

| Stjórnarráð Íslands
| Innviðaráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgötu 7 – 101 Reykjavík
Sími: 545 8200 | irn@irn.is

Nóvember 2022 | ISBN: 978-9935-494-29-0

© 2022 – Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Ávarp innviðaráðherra

Nýtt og öflugt innviðaráðuneyti tekst á við nýja tíma. Hlutverk þess er að líta eftir, upplýsa og leiða samfélagið til aukinna lífsgæða. Undir ráðuneytið heyrja málaflokkar samgangna, húsnæðis, skipulags, sveitarstjórna og byggða sem allt eru málaflokkar sem snerta daglegt líf fólks um allt land. Þau nýmæli að húsnæðis- og skipulagsmál voru færð undir sama ráðuneyti eru gríðarlega mikilvæg til að betri yfirsýn náist yfir það svið samfélagsins sem er ekki aðeins mikilvægt fyrir uppbyggingu húsnæðis fyrir almenning og fyrirtæki heldur einnig mikilvægt efnahagsmál fyrir þjóðina.

Búsetufrelsi er það hugtak sem er yfir og allt um kring í vinnu innviðaráðuneytisins enda eru lífsgæði fólks ekki síst fólgin í því að það geti búið sér heimili þar sem það helst kys, í því búsetuformi sem því hentar, og njóti sambærilegra umhverfsgæða, innviða og opinberrar þjónustu hvar á landinu sem er.

Byggðamál eru rauður þráður í starfi ráðuneytisins og ganga þau þvert á alla málaflokka. Mikil áhersla er lögð á að jafna aðgengi landsmanna að þjónustu og er Loftbrúin gott dæmi um vel heppnaða byggðaaðgerð.

Eitt mikilvægasta verkefni næstu ára er að ná jafnvægi á húsnæðismarkaði sem er ekki aðeins mikilvægt fyrir einstaklinga og fjölskyldur.

Þær miklu sveiflur sem hafa verið og skapast af skorti á framboði eitt árið og offramboði annað árið hafa mikil áhrif á allt hagkerfið, hafa áhrif á verðbólgu og vexti. Það að ná jafnvægi er því ekki aðeins mikilvægt fyrir líf einstaklinga og fjölskyldna heldur einnig fyrirtækin í landinu. Jafnvægi verður aðeins náð með náinni samvinnu ríkis og sveitarfélaga og með réttu samspili húsnæðis- og skipulagsmála.

Í uppbyggingu samgönguinnviða um allt land er gríðarlega arðsöm fjárfesting fyrir ríkið. Samgöngur eru lífæð samfélagsins og styðja við öflugt atvinnulíf um allt land og veitir byggðunum mikinn styrk. Verkefni eru fjölbreytt og spanna allt frá bundnu slitlagi á tengivegi til metnaðarfullra samvinnuverkefna á borð við Ölfusárbrú og Sundabraut.


Stöðug vinna er í gangi varðandi samvinnu ríkis og sveitarfélaga og verkaskiptingu þessara tveggja stjórnsýslustiga. Áhersla hefur verið lögð á styrkingu sveitarstjórnarstigsins með öflugum stuðningi við sameiningu sveitarfélaga enda hefur verið sýnt fram á að stærri sveitarfélög hafa öflugri stjórnsýslu og geta veitt íbúum betri þjónustu.

Starfsáætlun innviðaráðuneytisins dregur fram þau fjölmörgu og mikilvægu verkefni sem heyrja undir ráðuneytið. Unnið verður af dugnaði og heilindum að framfaramálum fyrir land og þjóð í nýju innviðaráðuneyti.



Sigurður Ingi Jóhannsson
Innviðaráðherra

Starfsáætlun innviðaráðuneytis



Starfsáætlun innviðaráðuneytis er sett fram fyrir yfirstandandi kjörtímabil til ársins 2025. Í áætluninni koma fram framtíðarsýn, áherslur, markmið og aðgerðir ráðuneytisins fyrir tímabilið.

Starfsáætlunin varpar ljósi á hvaða árangri er stefnt að og er leiðarljós starfsfólks við skipulagningu og forgangsröðun verkefna hjá ráðuneytinu.

Starfsáætlunin byggir á þeim markmiðum og verkefnum sem sett voru í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Hún byggir jafnframt á framtíðarsýn og meginmarkmiðum ráðuneytisins og stefnum og áætlunum málaflokkanna, samgöngumál, húsnæðis- og skipulagsmál, byggðamál og málefni sveitarfélaga.

Rík áhersla er lögð á stefnumótun í húsnæðis- og skipulagsmálum og samhæfingu áætlana í málaflokkum ráðuneytisins og við önnur ráðuneyti. Loftslagsmál, hagrænt mat áætlana, fjármál, mælikvarða árangurs og innra starf eru einnig í forgrunni.

Hjá ráðuneytinu starfar öflugur hópur sérfræðinga með skýra sýn og brennandi áhuga til að ná árangri og sjá framþróun í málaflokkum ráðuneytisins samfélaginu til hagsbóta.

Hlutverk



Nýtt og öflugt innviðaráðuneyti tekst á við nýja tíma.
Hlutverk þess er að líta eftir, upplýsa og leiða samfélagið til aukinna lífsgæða.

Að líta eftir

Að líta eftir felur það í sér að tryggja öryggi og hagsmuni almennings, að almenningur njóti réttinda sinna og þjónustu og að fjármunir séu nýttir á hagkvæman hátt.

Að upplýsa

Að upplýsa felur það í sér að auðvelda aðgengi að upplýsingum í opinni stjórnsýslu. Að setja tímanlega fram réttar og aðgengilegar upplýsingar sem byggja á góðum gögnum og greiningum.

Að leiða

Að leiða felur það í sér að sýna framsýni og eiga frumkvæði að því að fá fólkið í landinu með í að marka stefnu til framtíðar.

Gildi



1

Framsýni

Við eigum frumkvæði að umbótum, erum framsækin og víðsýn. Við leitum allra leiða til að bæta stjórnýslu og þjónustu ráðuneytisins.

2

Árangur

Við vinnum af fagmennsku og metnaði, góð þjónusta ber árangur. Við erum innan fjárheimilda og höfum hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi.

3

Traust

Við leggjum áherslu á heiðarleika og skilvirkni, erum sanngjörn í samskiptum við almenning og eigum góð samskipti við hagsmunaaðila. Stjórnýsla ráðuneytisins er opin og gagnsæ.

Framtíðarsýn



Ísland er í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við umheiminn er í jafnvægi við umhverfið.

Meginmarkmið



Búsetufrelsi

Lífsgæði fólks eru ekki síst fólgin í því að það geti búið sér heimili þar sem það helst kys, í því búsetuformi sem því hentar og njóti sambærilegra umhverfsgæða, innviða og opinberrar þjónustu hvar á landinu sem er.

Til að styðja við búsetufrelsi eru meginmarkmiðin tvö:

- **Innviðir mæti þörfum samfélagsins**
- **Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt**

Leiðir að meginmarkmiðum



Árangur



Árangur í öllum málaflokkum ráðuneytisins er í forgrunni til að efla og bæta samfélagið. Aðgerðir og mælikvarðar árangurs eru vel skilgreindir og markvissir.

Flæði og framfarir



Flæði og **framfarir** eru forsenda þess að unnt er að vinna að umbótum, auka skilvirkni og efla enn frekar þjónustu ráðuneytisins og stofnana þess.

Leiðandi ráðuneyti



Ráðuneytið er **leiðandi** við að skapa heilbriggt og nútímalegt vinnuumhverfi fyrir starfsfólk og vera þannig framúrskarandi vinnustaður.

Markmið



Sett hafa verið 15 markmið sem tengjast leiðunum þremur. Hverju markmiði fylgja aðgerðir og verkefni.

1. Árangur



1. Þróun byggða
2. Húsnæðisöryggi
3. Öflug sveitarfélög
4. Uppbygging samgöngumannvirkja
5. Skipulag sem undirstaða samfélags
6. Hraðari orkuskipti
7. Öflug vistvæn mannvirkjagerð

2. Flæði og framfarir




8. Framsækin stefnumótun og áætlanagerð
9. Aukin samhæfing áætlana
10. Þjónustumiðað skipulag stjórnsýslu
11. Hagræn áhrif og arðsemi áætlana
12. Loftslagsmál

3. Leiðandi ráðuneyti



13. Framsýnt fagfólk
14. Umbætur til árangurs
15. Traustsins verð



Skipulag


Skipurit innviðaráðuneytis endurspeglar menningu þar sem liðsheid, samstarf og starfsgleði er ríkjandi.

Skipulag innviðaráðuneytis er málaflokkaskipulag þar sem lögð er rík áhersla á samhæfingu málaflokka, teymisvinnu og árangur. Áhersla er lögð á stuttar boðleiðir og einfalda ákvarðanatöku.

Hlutverk og skipulag skrifstofa og teyma eru skýr og áherslur ráðuneytisins og úr stjórnarsáttmála hafa beina tengingu við verkefni skrifstofa.

Markviss verkefnastjórnun, starfslýsingar og starfagreiningar tryggja að verkefni eru rétt mönnuð, forgangsröðun og ábyrgð er skýr. Það tryggir skilvirkni, umboð til athafna og leggur grunnað árangri og ánægju starfsfólks sem fær áskoranir við hæfi og veit til hvers er ætlast.

Skrifstofustjórar, leiða faglegt starf og framkvæmd. Þeir hafa yfirumsjón með verkefnum og forgangsröðun og frumkvæði að umbótum.




Hlutverk skrifstofu samgangna

Hlutverk skrifstofunnar er að mæta þörfum samfélagsins á sviði samgangna með öruggum og greiðum samgönguinnviðum sem styðja búsetufrelsi og sjálfbærni byggða. Undir skrifstofuna heyra allir helstu málaflokkar samgangna svo sem flugmál, siglingamál, umferðarmál, vegamál, almenningssamgöngur og flutningar. Einnig falla rannsóknir samgönguslysa undir skrifstofuna.

Skrifstofan ber ábyrgð á stefnumótun stjórnvalda á sviði samgöngumála og heldur utan um gerð samgönguáætlunar. Við mótun og innleiðingu samgönguáætlunar er horft til þarfa samfélagsins á breiðum grunni og gætt að samhæfingu við önnur málefnavið ráðuneytisins. Mikilvægt hlutverk skrifstofunnar er að stuðla að orkuskiptum á öllum sviðum samgangna og minnka kolefnisspor samgöngumannvirkja, efla almenningssamgöngur og fjölbreytta ferðamáta og tryggja að þjónustustig á sviði samgangna mæti þörfum byggða og atvinnulífs.

Skrifstofan undirbýr löggjöf um samgöngumál og mótar annað regluverk í samræmi við stefnu stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar, þ.m.t. framkvæmd EES-samningsins.



Hlutverk skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála

Hlutverk skrifstofunnar er að styðja við jákvæða byggðapróun og eflingu sveitarfélaga með búsetufrelsi og sjálfbærni að leiðarljósi. Undir byggðamál heyrir m.a. byggðáætlun, sóknaráætlanir landshluta, atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni og rannsóknir. Þá hefur skrifstofan umsjón með stjórnsýslu og skipulagi sveitarfélaga og annast eftirlit með fjármálum og almennri stjórnsýslu sveitarfélaga í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög um tekjustofna sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er hluti skrifstofunnar en hlutverk sjóðsins er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum.

Skrifstofan er leiðandi í stefnumótun, innleiðingu áætlana í sveitarstjórnar- og byggðamálum og framkvæmd laga og reglna í þessum málaflökkum. Við stefnumótun og innleiðingu áætlana í málaflökkunum er lítið til samhæfingar við önnur málefnasvið ráðuneytisins. Skrifstofan hefur einnig umsjón með stjórnsýslu, skipulagi og samstarfsverkefnum ráðuneytisins sem varða Byggðastofnun og Þjóðskrá Íslands.



Hlutverk skrifstofu húsnæðis og skipulagsmála

Hlutverk skrifstofunnar er að styðja við framþróun á sviði húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsmála. Starf skrifstofunnar miðar að því að skapa stöðugleika á húsnæðismarkaði og styðja markmið um aðgengi að húsnæði í fyrir alla. Enn fremur að tryggja öryggi mannvirkja og innleiða vistvæna mannvirkjagerð í samræmi við markmið stjórnvalda í loftslagsmálum. Samhliða því að skapa grundvöll fyrir sjálfbæra þróun og nýtingu lands í þéttbýli, dreifbýli og á strand- og hafssvæðum og víðernum Íslands sem stuðlar að sjálfbærni byggða og búsetufrelsi.


Skrifstofan er leiðandi í stefnumótun og innleiðingu áætlana sem heyra undir málaflokkana og hefur umsjón með að þróun löggjafar, framkvæmd laga og reglna og eftirlit sé í samræmi við stefnu stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar. Við stefnumótun er hugað vel að samhæfingu við önnur málefnasvið ráðuneytisins. Skrifstofan hefur einnig umsjón með stjórnsýslu, skipulagi og samstarfsverkefnum ráðuneytisins sem varða Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Skipulagsstofnun.



Hlutverk skrifstofu stefnumótunar og fjárlaga

Skrifstofa stefnumótunar og fjárlaga veitir stoðþjónustu þvert á skrifstofur ráðuneytisins. Hlutverk skrifstofunnar er gerð og eftirfylgni fjármálaáætlunar, fjárlaga og eftirlit með fjármálum og stefnumótun ríkisaðila þ.e. stofnunum sem undir ráðuneytið heyra. Hún fylgir því eftir að markmið séu skýr og að framkvæmda- og ábyrgðaraðilar séu skilgreindir, settir fram hlutlægir árangursmælikvarðar og árangur mældur í mælaborðum ráðuneytisins þ. á m. Vegvísir.is. Skrifstofan hefur umsjón með ársskýrslu ráðherra þar sem gerð er grein fyrir útgjöldum málefna-sviða og málaflokka og þau borin saman við fjárheimildir fjárlaga. Þá er lagt mat á ávinning af verkefnum með tilliti til aðgerða og markmiða sem sett hafa verið fram í fjármálaáætlun og fjárlögum.

Skrifstofan hefur umsjón með að verklag við stefnumótun og áætlanagerð í málaflokkum ráðuneytisins sé samræmt. Skrifstofan annast fjármál og rekstur ráðuneytisins s.s. húsnæðismál, innkaup og öryggismál. Skrifstofan hefur yfrumsjón með skjalastýringu og faglegrri meðferð og afgreiðslu erinda, stjórnsýslukæra og úrskurða.



Hlutverk teyma

Teymi í verkefnum um sérstök áherslumál þvert á ráðuneytið.

Samhæfing áætlana — Hlutverk teymis er að tryggja samhæfingu stefnumótunar og áætlanagerðar í málaflokkum ráðuneytisins. Áætlanir í samgöngumálum, húsnæðismálum og skipulagsmálum eru samþættar og þannig tryggt að samgöngur séu í þágu byggðar og loftslags, til að uppfylla ferðaþörf og skapa sjálfbær hverfi og sjálfbærar byggðir. (Sjá markmið 9)


Þjónustumiðuð skipulag stjórnýslu — Hlutverk teymis er að koma auga á og nýta tækifæri sem felast í endurskoðun á stofnanakerfi ráðuneytisins, verkaskiptingu, samskiptum og samlegð, uppbyggingu gagnagrunna, stafrænni tækni og þróun. Tryggja samstarf og flæði gagna, upplýsinga og þekkingar milli ráðuneytis, stofnana og hagaðila í þeim tilgangi að bæta þjónustu og auka lífsgæði. (Sjá markmið 10)

Hagræn áhrif og arðsemi áætlana — Hlutverk teymis er að tryggja að áreiðanlegar og gagnlegar upplýsingar séu hafðar að leiðarljósi við ákvarðanatöku og mat á hagrænum áhrifum og arðsemi áætlana. Teymið hefur umsjón með vali á mælikvörðum, gagnavinnslu og greiningum. (Sjá markmið 11)

Loftslagsmál — Hlutverk teymis er að móta vegvísi um vistvænar samgöngur og vistvæn mannvirki í takt við stefnu stjórnvalda um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. (Sjá markmið 12)

Mannauðs- og gæðastjórnun — Mannauðs- og gæðastjóri vinnur með ráðuneytisstjóra, skrifstofustjórum og starfsfólki ráðuneytisins að stefnumótun og stjórnun verkefna á sviði mannaúðs- og gæðamála. (Sjá markmið 13, 14 og 15)

Markmið og aðgerðir



1. Árangur



1.1 Þróun byggða

1.2 Húsnæðisöryggi

1.3 Öflug sveitarfélög

1.4 Uppbygging samgöngumannvirkja

1.5 Skipulag sem undirstaða samfélags

1.6 Hraðari orkuskipti

1.7 Öflug vistvæn mannvirkjagerð

1.1 Þróun byggða

Unnið er að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar sem Alþingi samþykkti í júní 2022. Þar er kveðið á um fjölda verkefna sem lúta að jöfnun aðgengis að þjónustu og atvinnutækifærum og eflingu sjálfbærra byggða. Fjöldmörg þeirra eru á ábyrgð innviðaráðuneytisins í samstarfi við önnur ráðuneyti og stofnanir. Þá tekur ráðuneytið þátt í erlendu samstarfi á þeim málefnasviðum sem undir það heyra. Árið 2023 gegnir Ísland formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og undirnefndum hennar.

1.1.1 Jafnt aðgengi að þjónustu

1.1.2 Jöfn tækifæri til atvinnu

1.1.3 Jafnt aðgengi að húsnæði

1.1.4 Forgangsröðun í samgöngum styðji við þróun byggða og búsetufrelsi

1.1.5 Sjálfbær þróun byggða

1.1.6 Öflugar almenningssamgöngur um land allt



1.1.1. Jafnt aðgengi að þjónustu

Markmið:

Að jafna aðgengi að þjónustu stuðlar að auknu búsetufrelsi og felur m.a. í sér að þjónusta er veitt í nærsamfélaginu eftir því sem unnt er eða stafrænt. Aðgengi að miðlægri þjónustu verði jafnað, ýmist með nýtingu tæknilausna eða lágmörkun á kostnaði vegna þjónustusóknar.

Aðgerðir:

- Opinber grunnþjónusta verði skilgreind í lögum sem og hvernig réttur íbúa landsins til hennar verði tryggður óháð búsetu.
- Til að tryggja aðgengi að þjónustu verði unnið að því að samhæfa áætlanir IRN og stefnur/áætlanir annarra ráðuneyta, svo sem á sviði fjarskipta- heilbrigðis-, orku- og menntamála.
- Framlög verða áfram tryggð til jöfnunar húshitunar- og raforkukostnaðar heimila milli dreifýlis og þéttbýlis.
- Tryggð verður geta og fjármagn til áframhaldandi uppbyggingar háhraðaneta þar sem markaðsaðilar sinna ekki þeirri þjónustu eða öryggissjónarmið krefjast þess.









1.1.2. Jöfn tækifæri til atvinnu

Markmið:

Að jafna tækifæri til atvinnu felur m.a. í sér að bæta innviði s.s. fjarskipti, samgöngur, afhendingargetu og öryggi í orkumálum. Ennfremur að stoðkerfi stuðli að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi og að tækifæri til starfa hjá hinu opinbera og einkaaðilum verði jöfnuð, óháð búsetu. Árangur næst með fjölgun fjölbreyttra starfa á landsbyggðinni.

Aðgerðir:

- Stutt verður við starfsaðstöðu og klasasamstarf hins opinbera og einkaaðila í landsbyggðunum. 
- Unnið verður að því að efla stoðkerfi atvinnulífs og nýsköpunar m.a. í samstarfi við háskóla-, iðnaðar- og vísindaráðuneytið og sveitarfélög. 
- Sett verður markmið um hlutfall opinberra starfa á landsbyggðinni. 
- Stutt verður við þekkingarmiðstöðvar, rannsóknarsetur á landsbyggðinni, náttúrustofur og fjarheilbrigðisþjónustu í smærri byggðalögum. 
- Haldið verður áfram að styðja við nýsköpun, m.a. með regluverki og umhverfi sem styður við stofnun og rekstur fyrirtækja, ekki síst í fámennari byggðum. Samhliða verður unnið að eflingu sóknaráætlana landshlutanna. 
- Stutt verður við að skapa fjölbreytt og verðmæt störf um land allt. Til að styðja við byggðapróun og valfrelsi í búsetu verði störf hjá ríkinu ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega. 



1.1.3. Jafnt aðgengi að húsnæði

Markmið:

Að stuðla að jöfnu aðgengi fólks að húsnæði í samræmi við þarfir hvers og eins, óháð efnahag og búsetu, og að það hafi raunverulegt val um búsetuform.

Aðgerðir:

- Áfram verði unnið að heildstæðri íbúðaþarfagreiningu fyrir landið allt byggða á vandaðri mannföldaspá og þarfagreiningu sveitarfélaga.
 - Innleiðing á stafrænum húsnæðisáætlunum sveitarfélaga og eftirfylgni með þeim m.t.t. húsnæðisþarfur og framboðs lóða sem og áherslum í skipulagi.
-



1.1.4. Forgangsröðun í samgöngum styðji við þróun byggða

Markmið:

Við stefnumótun í samgöngum þarf að gæta að sameiginlegum markmiðum og heildarsýn í málaflokkum ráðuneytisins og þannig unnið að því að tryggja búsetufrelsi um land allt. Með því að samhæfa stefnur og áætlanir á verkefnasviði ráðuneytisins gefst kostur á að hámarka árangur og jákvæð áhrif stefnumótunarinnar enda verði tekið mið af tengdum málefnum og horft lengra en til sérstakra verkefna einstakra málaflokka.

Aðgerðir:

- Við undirbúning og vinnslu samgönguáætlunar verður unnið eftir verklagi sem tryggir samhæfingu við aðrar stefnur og áætlanir ráðuneytisins og þá verða sameiginleg markmið höfð að leiðarljósi.



1.1.5. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða

Markmið:

Eitt meginmarkmið innviðaráðuneytisins er að stuðla að sjálfbærni byggða um land allt. Það felur í sér m.a. styrkingu efnahags-, félags- og umhverfislegra þátta. Jafnframt felur það í sér eflingu sveitarfélaga, bætt aðgengi að grunnþjónustu, fjölbreytt atvinnulíf og blómlega starfsemi í menningarmálum og afþreyingu sem tekur mið af ólíkri stöðu og þörfum íbúa.

Aðgerðir:

- Mótuð verða viðmið um sjálfbæra þróun sveitarfélaga á sviði fjármála, samfélags og umhverfis. Með sjálfbærni er stuðlað að því að mæta þörfum nútímans án þess að skerða gæði komandi kynslóða. Viðmið um sjálfbæra þróun verða innleidd í starfsemi sveitarfélaga.
- Mótuð verði borgarstefna til að efla stærstu þéttbýlissvæði landsins, Reykjavík og Akureyri, styrkja samkeppnishæfni þeirra og hlutverk í byggðapróun landsins.
- Beita þarf hagrænum hvötum í byggðapróun, m.a. í gegnum Menntasjóð námsmanna.
- Lagaleg staða landshlutasamtaka sveitarfélaga verður skýrð gagnvart þeim verkefnum sem þau sinna og landshlutarnir eflir, m.a. í gegnum sóknaráætlanir landshluta.
- Tryggð verður geta og fjármagn til áframhaldandi uppbyggingar háhraðaneta þar sem markaðsaðilar sinna ekki þeirri þjónustu eða öryggissjónarmið krefjast þess.








1.1.6. Öflugar almenningssamgöngur um land allt

Markmið:

Stuðlað verði að öflugum almenningssamgöngum um land allt í samræmi við markmið á sviði samgangna, húsnæðis-, skipulags- og byggðamála og stefnu í almenningssamgöngum. Unnið að nýtingu vistvænna orkugjafa til að draga úr kolefnisspori almenningssamgangna.

Öflugar almenningssamgöngur styðja við markmið í byggðapróun og umhverfismálum, styrkja atvinnusvæði og jafna tækifæri íbúa.

Aðgerðir:

- Unnið verður að áframhaldandi uppbyggingu og fjármögnun hággæða almenningssamgangna og annarra samgöngumannvirkja á grundvelli samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. 
- Stuðlað verður að almenningssamgöngum með endurnýjanlegum orkugjöfum milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar í samvinnu við sveitarfélögin. 
- Stefna í almenningssamgöngum innleidd með aðgerðaáætlun og frumvarpi til nýrra heildarlaga um almenningssamgöngur, þar sem m.a. verður horft til samhæfingar við aðrar stefnur og áætlanir ráðuneytisins, s.s. rammásamning um húsnæðismál. 
- Loftbrú verður áfram mikilvægur þáttur almenningssamgangna. 
- Unnið verður að því í samstarf ríkis og sveitarfélaga að efla almenningssamgöngur á landsbyggðinni. 



1.2 Húsnæðisöryggi

Stefna ríkisins er að tryggja húsnæði fyrir alla, en skortur á stöðuleika hefur verið helsta áskorun stjórnvalda í húsnæðismálum. Áhersla er lögð á aukid jafnvægi á húsnæðismarkaði og að stefna og ákvarðanir um íbúðabyggingu byggji á áreiðanlegum upplýsingum um framboð og eftirspurn. Enn fremur að hið opinbera styrki húsnæðisöryggi þeirra sem standa höllum fæti á húsnæðismarkaði með því að efla almenna íbúðakerfið á öllu landinu með stofnframlögum, húsnæðislánum og hlutdeildarlánum.

Með rammksamkomulagi ríkis og sveitarfélaga sem undirritaður var í júlí 2022 var sett fram sameiginleg sýn og stefna í húsnæðismálum til að mæta íbúðapörf til næstu 10 ára. Samningum fylgja 24 tímasettar aðgerðir sem verða uppfærðar árlega.

1.2.1 Aukinn stöðugleiki á húsnæðismarkaði

1.2.2 Aukið aðgengi að hagkvæmu húsnæði á viðráðanlegu verði

1.2.3 Bætt réttarstaða og húsnæðisöryggi leigjenda

1.2.4 Aukið framboð fjölbreyttra húsnæðiskosta í samvinnu við sveitarfélög



1.2.1 Aukinn stöðugleiki á húsnæðismarkaði

Markmið:

Að stuðla að stöðugleika á húsnæðismarkaði með jafnvægi á milli framboðs og íbúðaparfar. Jafnvægi á húsnæðismarkaði er nauðsynlegt til þess að skapa húsnæðisöryggi, hagstætt vaxtaumhverfi til lengri tíma og verja efnahag heimilanna. Bregðast þarf við stöðunni með markvissum aðgerðum.

Aðgerðir:

- Húsnæðismál og skipulagsmál verða færð í nýtt innviðaráðuneyti til að tryggja betri samhæfingu með sveitarfélögum og aukinn stöðugleika á húsnæðismarkaði. Áætlanir í samgöngumálum, húsnæðismálum og skipulagsmálum verða samþættar og lagðar fram samhliða og þannig tryggt að samgöngur séu í þágu byggðar og loftslags til að uppfylla ferðaþörf og skapa sjálfbær hverfi og sjálfbærar byggðir.
- Mótun stefnu í húsnæðismálum til 15 ára og 5 ára aðgerðaáætlun og leggja fram þingsályktunartillögu.
- Stuðla að því að byggt verði í samræmi við þörf þannig að jafnvægi ríki á milli framboðs og eftirspurnar eftir húsnæði.



1.2.2 Aukið aðgengi að hagkvæmu húsnæði á viðráðanlegu verði

Markmið:

Að auka aðgengi að hagkvæmu húsnæði á viðráðanlegu verði fyrir tekjulága, fyrstu kaupendur og fólk með íþyngjandi húsnæðiskostnað. Húsnæðismál eru hvort tveggja velferðarmál og efnahagsmál. Opinber stefnumótun og aðgerðir í húsnæðismálum stuðla samhliða að félagslegri samheldni og efnahagslegum stöðugleika.

Aðgerðir:

- Horft verður til áframhaldandi uppbyggingar í almenna íbúðakerfinu og framhalds hlutdeildarlána.
- Húsnæðisstuðningur við einstök búsetuform verður endurskoðaður til að beina stuðningnum betur til tekjulægri hópa, fyrstu kaupenda og þeirra sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað.



1.2.3 Bætt réttarstaða og húsnæðisöryggi leigjenda

Markmið:

Að koma á fót virkum og heilbrigðum leigumarkaði sem raunverulegum valkosti sem búsetuform og bæta réttarstöðu og húsnæðisöryggi leigjenda auk þess að minnka íþyngjandi húsnæðiskostnað.

Aðgerðir:

- Húsnæðisöryggi og réttarstaða leigjenda verður bætt, m.a. með traustri lagaumgjörð, samræmdri umsóknargátt um húsnæðisbætur og aðgengilegri upplýsingagjöf.
- Ráðist verður í sérstakt átak til uppbyggingar á leiguhúsnæði fyrir fatlað fólk og eldra fólk innan almenna íbúðakerfisins.
- Húsnæðisstuðningur til leigjenda verður endurskoðaður með áherslu á að beina stuðningi betur til tekjulægrí leigjenda.
- Kannaður verði möguleiki á að gera sveitarfélögum kleift að ákvarða hámarks dagafjölda heimagistingar í því skyni að mæta mismunandi aðstæðum..
- Tryggt verður að fyrir liggji greinargóðar rauntímaupplýsingar um leigumarkaðinn.



1.2.4 Auka framboð fjölbreyttra húsnæðiskosta í samvinnu við sveitarfélög

Markmið:

Að stuðla að jöfnu aðgengi að ýmsum tegundum húsnæðis óháð staðsetningu og búsetuformi. Í því felst að framboð á mismunandi tegundum húsnæðis sem hentar öllum hópum samfélagsins og lífsskeiðum, verði tryggt um allt land í samræmi við þörf.

Aðgerðir:

- Stuðla þarf að nægu framboði byggingarlóða til lengri tíma í samvinnu við sveitarfélög.
- Tryggt verður að fyrir liggji greinargóðar rauntímaupplýsingar um húsnæðismarkað, framboð íbúða og stöðu í skipulags- og byggingamálum á öllu landinu.
- Stuðlað verður að aukinni uppbyggingu hagkvæms leiguhúsnæðis á viðráðanlegu verði um allt land í samræmi við greiningu á húsnæðisþörf með fjárhagslegum stuðningi hins opinbera.
- Hlutdeild fagfélaga sem bjóða íbúðarhúsnæði til langtímaleigu verði aukinn.



1.3 Öflug sveitarfélög

Unnið er að mótun og framkvæmd stefnu og aðgerðaáætlunar í málefnum sveitarfélaga. Þar er kveðið á um framkvæmd fjölda verkefna sem eiga að stuðla að því markmiði að á Íslandi séu öflug og sjálfbær sveitarfélög. Mörg þeirra eru á ábyrgð innviðaráðuneytisins eftir atvikum í samstarfi við önnur ráðuneyti og stofnanir auk Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Þá tekur ráðuneytið þátt í erlendu samstarfi á þeim málefnasviðum sem undir það heyra. Árið 2023 gegnir Ísland formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og undirnefndum hennar. Þá sinnir ráðuneytið frumkvæðiseftirliti með stjórnsýslu sveitarfélaga. Ráðuneytið tekur virkan þátt í norrænu samstarfi, á vettvangi OECD og Evrópusambandsins á sviði sveitarfélagamála.

1.3.1 Sameining sveitarfélaga

1.3.2 Bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa

1.3.3 Framþróun í lagaramma sveitarstjórnarlaga og vinnubrögðum

1.3.4 Samvinna og verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

1.3.5 Markvissari fjármálastjórnun sveitarfélaga

1.3.6 Mótun framtíðarsýnar stjórnvalda í málefnum sveitarfélaga



1.3.1 Sameining sveitarfélaga

Markmið:

Stuðla að bættum lífsgæðum íbúa sveitarfélaga með því að ýta undir sameiningar þeirra. Það auðveldar sveitarfélögum að veita lögbundna þjónustu, tryggja aðgengi ólíkra hópa að henni í nærumhverfi, bæta búsetuskilyrði og efla lbúalýðræði.

Aðgerðir:

- Haldið verður áfram að þróa vefsvæði um sameiningar sveitarfélaga á vegum ráðuneytisins.
- Hvatt verður til þess að sveitarfélög leiti ráðgjafar sérfræðinga ráðuneytisins. Mótað verður ferli um þverfaglega svörun erinda.
- Þróaður verður rammi í því skyni að hafa til hliðsjónar varðandi mat ráðuneytisins á áliti sveitarfélaga með undir 250 íbúum gagnvart getu þeirra til að sinna lögbundnum verkefnum.
- Að stuðla að uppbyggingu öflugra og sjálfbærra sveitarfélaga þar sem samfélagslegir og fjárhagslegir hvatar eru til sameiningar.



1.3.2 Bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa

Markmið:

Að bæta starfsaðstæður kjörinna fulltrúa til að draga úr álagi og minnka hættuna á því að dýrmæt þekking og reynsla fari forgörðum við sveitarstjórnarskipti.

Aðgerðir:

- Verkefnisstjórn um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa hefur mótað tillögur um hvernig hægt sé að búa kjörnum fulltrúum betri starfsaðstæður, m.a. með hliðsjón af aðbúnaði, kjörum og almennum stuðningi. Tillögum verði komið í farveg eftir því sem við á.
- Leitast verður eftir samstarfi við fulltrúa Alþingis um stofnun fagteymis til að vernda kjörna aðal- og varafulltrúa í sveitarstjórnnum og á Alþingi gagnvart einelti, ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni.
- Efnt verður til samstarfs innviðaráðuneytisins, Jafnréttisstofu, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hagstofunnar um þróun mælaborðs yfir tölfræði á sviði jafnréttismála í anda Evrópuverkefnisins Tea for two.
- Fylgt verður eftir tillögum verkefnisstjórnar um breytingar á sveitarstjórnarlögum í því skyni að bæta starfsaðstæður kjörinna fulltrúa, sbr. aðgerð um endurskoðun sveitarstjórnarlaga.
- Jafnréttisstofa vinnur í samvinnu við ráðuneytið leiðbeiningar fyrir sveitarstjórnir um gerð jafnréttisáætlana.

1.3.3 Framþróun í lagaramma sveitarstjórnarlaga og vinnubrögðum

Markmið:

Að endurskoða sveitarstjórnarlög í takt við framþróun í starfsemi sveitarfélaga, tryggja að ákvæði laganna séu skýr og aðgengileg hagsmunaaðilum. Með rafrænni verkfærakistu sveitarfélaga er sveitarstjórnnum auðveldað að uppfylla kröfur stjórnvalda um vinnslu ýmis konar viðmiða ásamt því að dregið er úr þörf á stuðningi og eftirliti sérfræðinga ráðuneytisins.

Aðgerðir:

- Unnið verður að endurskoðun sveitarstjórnarlaga, m.a. með hliðsjón af breytingum á sviði fjármála, aðstæðum kjörinna fulltrúa og hlutverki landshlutasamtaka.
 - Þróuð verður verkfærakista sveitarfélaga á vefsvæði ráðuneytisins með aðgengi að skjalónum fyrir vinnslu algengustu stefna, áætlana og samþykkt.
-

1.3.4 Samvinna og verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Markmið:

Að stjórnslustigin tvö, ríki og sveitarfélög, leggist á eitt við að bæta árangur hins opinbera á sviði umhverfismála og nærþjónustu. Þéttara samstarf ríkis og sveitarfélaga skilar sér í markvissari samdrætti í losun CO2 út í andrúmsloftið og stuðlar að heilnæmara umhverfi fyrir íbúa. Skýr verkaskipting ríkis og sveitarfélaga skilar sér í faglegri og samfelldri þjónustu við viðkvæma hópa og allan almenning. Tryggja samþættingu við skipulagskerfið, þ.e. að landsskipulagsstefna, svæðisskipulag og aðalskipulag endurspegli ofangreindar áherslur.

Aðgerðir:

- Efla þarf enn frekar samstarf ríkis og sveitarfélaga á sviðum loftslags- og umhverfismála þar sem þau gegna lykilhlutverki, s.s. í innleiðingu hringrásarhagkerfisins, á sviði fráveitumála, mengunarvarna, vatnsverndar, náttúruverndar og verndunar líffræðilegs fjölbreytileika. Samþætta þarf betur skipulagsáætlanir sveitarfélaga og svæðisskipulagsstefnu til að ná betri nýtingu á innviðum og þjónustu, styðja við loftslagsmarkmið, fá betri sýn yfir framboð á lóðum og húsnæði og styðja við stjórnslustu skipulagsmála.
- Rannsóknir, vöktun, hættumat og viðbrögð vegna náttúruvár verða eflað á grundvelli yfirstandandi þarfagreiningar í samstarf ríkis og sveitarfélaga.
- Mótuð verður aðgerðaáætlun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, m.a. með það að markmiði að fækka „gráum svæðum“ í samstarf ríkis og sveitarfélaga til að tryggja skilvirkari og betri þjónustu.



1.3.5 Þróun tekjustofna og fjármál sveitarfélaga

Markmið:

Að stuðla að markvissari fjármálastjórn sveitarfélaga og jafnari tekjudreifingu í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Unnið verður að því að leysa ágreining á milli ríkis og sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu verkefna milli stjórnsýslustiga. Markmið markvissari fjármálastjórnunar er að ýta undir félagslega, efnahagslega og fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga, stuðla að öguðum vinnubrögðum og hvetja til sameiningar sveitarfélaga. Með endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs er stuðlað að einfaldara regluverki og jafnari dreifingu fjármuna með sameiningu sveitarfélaga að leiðarljósi.

Aðgerðir:

- Lögð verður áhersla á að nýta tækifæri í samrekstri á stafrænum lausnum í gegnum Ísland.is. Leitað verður leiða til þess að tryggja sveitarfélögum auknar tekjur af komu ferðamanna.
- Sett verða ný viðmið í fjármálastjórn sveitarfélaga, breytingar færðar í lög og innleiddar. Eftirlit með fjármálastjórn verði eftt og upplýsingagjöf bætt.
- Lokið verður við endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs og unnið að innleiðingu nýs regluverks sem ætlað er að endurspegla tekju- og útgjaldaparfir sveitarfélaga.



1.3.6 Mótun framtíðarsýnar stjórnvalda í málefnum sveitarfélaga

Markmið:

Að endurskoða gildandi stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda í málaflokki sveitarfélaga í því skyni að efla starfsemi sveitarfélaganna í þágu íbúa. Áfram verður áhersla lögð á að ýta undir sjálfsstjórn, sameiningar og framsækni sveitarfélaga á sviði þjónustu og almennra búsetugæða.

Aðgerðir:

- Endurskoðun stefnu og aðgerðaáætlunar í málaflokki sveitarfélaga.
- Unnið verður í samræmi við samþykktu þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga til ársins 2033 og aðgerðaáætlun um innleiðingu hennar uppfærð til næsta fimm ára tímabils.
- Þá munu stjórnvöld styðja við stafræna þróun sveitarstjórnarstigsins.



1.4 Uppbygging samgöngumannvirkja

Unnið er samkvæmt samgönguáætlun til fimmtán ára og aðgerðaáætlun samgönguáætlunar til fimm ára. Samgönguáætlun felur í sér mikilvæga framtíðarsýn og viðtæk áform um nýframkvæmdir og viðhald á vegum, höfnum og flugvöllum um land allt. Grunnþótt samgönguáætlunar er að auka öryggi í samgöngum, stytta vegalengdir milli byggða, efla atvinnusvæði á landinu öllu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í undirbúningi er tillaga að nýrri samgönguáætlun, sem lögð verður fram á Alþingi vorið 2023. Við gerð samgönguáætlunar verður gætt að samhæfingu hennar við aðrar áætlanir á málefnasviði ráðuneytisins, m.a. verður sérstaklega horft til þess að styðja við uppbyggingu og þróun byggðar í samræmi við markmið húsnæðisáætlunar.

1.4.1 Undirbúningur Sundabrautar

1.4.2 Flýti framkvæmdir í samgöngum í samstarfi við einkaaðila

1.4.3 Rekstur millilandaflugvalla

1.4.4 Uppbygging og fjármögnun jarðganga

1.4.5 Lagning bundins slitlags á tengivegi



1.4.1 Undirbúningur Sundabrautar

Markmið:

Markmið verkefnisins er að tryggja að Sundabraut opni fyrir umferð eigi síðar en 2031. Til að svo megi verða þarf undirbúningur og uppbygging brautarinnar að vera í traustum skorðum og framkvæmdir hefjast eigi síðar en 2026. Bygging Sundabrautar er umfangsmikið og flókið verkefni enda er hún ein dýrasta einstaka vegaf framkvæmd Íslandssögunnar.

Opnun Sundabrautar mun hafa í för með sér mikinn samfélagslegan ávinning og þá er hún ein arðbærasta samgönguframkvæmd sem um getur hér á landi. Talið er að með opnun brautarinnar megi minnka heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu um 150 þús. km. á hverjum sólarhring.

Aðgerðir:

- Undirbúningi Sundabrautar verður framhaldið með það að markmiði að hún opni fyrir umferð eigi síðar en 2031.
- Skipuð verkefnisstjórn sem hafa mun umsjón með og fylgja eftir undirbúningi framkvæmdarinnar, með fulltrúum innviðaráðuneytis, Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Ráðinn verkefnisstjóri til að halda utan um undirbúning framkvæmdarinnar með það að markmiði að tímaáætlun standist.
- Stýrihópur skipaður með fulltrúum innviðaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Vegagerðarinnar sem hafi það meginhlutverk að undirbúa stefnumarkandi ákvarðanir varðandi fyrirkomulag og fjármögnun verkefnisins og hafa yfirumsjón með framgangi þessa verkefnis.
- Haldið verður utan um framkvæmdina í opinberu hlutafélagi í eigu ríkisins. Þá verður horft til þess hvernig fjármagna megi framkvæmdirnar með sem hagstæðustum hætti.



1.4.2 Flýtiframkvæmdir í samgöngum í samstarfi við einkaaðila

Markmið:

Unnið sé áfram að framgangi þjóðhagslega arðsamra flýtiframkvæmda í samgöngum á grundvelli fjölbreyttrar fjármögnunar og samstarfs við einkaaðila. Verkefnið eigi það sameiginlegt að núvirtur ávinningur þeirra sé hærri en áætlaður framkvæmdakostnaður og notkunargjöld standi undir framkvæmdarkostnaði að hluta eða öllu leyti.

Margvíslegur þjóðfélagslegur ávinningur fylgir því að flýta slíkum framkvæmdum, s.s. aukið umferðaröryggi, stytting leiða, jákvæðum umhverfisáhrifum og betri og öruggari tengingar byggða og atvinnusvæða.

Aðgerðir:

- Ráðist verður í skilgreindar þjóðhagslega arðsamrar flýtiframkvæmdir í samgöngum á grundvelli fjölbreyttari fjármögnunar og samstarfs við einkaaðila.
- Í samstarfi innviðaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Vegagerðarinnar verður leitað hagstæðustu leiða til langtímafjármögnunar arðsamra flýtiframkvæmda sem síðan greiðist upp með tóku notkunargjöldum.
- Stofnað verður opinbert innviðafélag í eigu ríkisins sem haldi utan um flýtiframkvæmdir, fjármögnun þeirra og innheimtu notkunargjalda. Fremst í röðinni eru nýr vegur og brú yfir Hornafjarðarfljót, nýr vegur og brú yfir Ölfusá og nýr heilsársvegur yfir Öxi.
- Leitað verður fleiri tækifæra til að flýta arðsömum flýtiframkvæmdum í samgöngum þar sem notkunargjöld geta staðið undir framkvæmdakostnaði og val er um fleiri leiðir.



1.4.3 Rekstur millilandaflugvalla

Markmið:

Flugvallakerfi landsins sé rekið á traustum fjárhagslegum grunni þar sem uppbygging og þjónusta mætir þörfum flugsins, þ.m.t. þörfum millilandaflugs fyrir varaflugvelli. Öflugt kerfi flugvalla skapar grunn fyrir öfluga flugþjónustu, bæði innanlands og milli landa, sem stuðlar að greiðum samgöngum innanlands og við útlönd, styrkir byggðapróun og innviði ferðaþjónustunnar og eykur flugöryggi.

Aðgerðir:

- Tryggður verður samrekstur millilandaflugvalla um land allt í einu kerfi.
- Mótuð verður stefna um uppbyggingu og rekstur flugvalla í frumvarpi til nýrra laga sem einfalda mun lagaumhverfi á þessu sviði.
- Tekið verður upp hóflegt varaflugvallargjald sem styrkja mun fjárhagslegan grundvöll flugvallakerfisins m.a. út frá hlutverki alþjóðaflugvallanna í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum sem millilandaflugvellir og varaflugvellir fyrir millilandaflug til og frá Keflavíkurlugvelli.
- Þjónustusamningur ríkisins og Isavia um rekstur innanlandsflugvalla verður endurskoðaður með hliðsjón af breyttu tekjumynstri og áherslum.



1.4.4 Uppbygging og fjármögnun jarðganga

Markmið:

Fyrir liggja skýr forgangsröðun jarðgangakosta og tryggð verði fjármögnun jarðgangaframkvæmda þannig að a.m.k. ein jarðgöng verði í vinnslu á hverjum tíma. Uppbygging jarðganga styðji við byggðir og búsetufrelsi og auki öryggi í umferð.

Aðgerðir:

- Mótuð verður áætlun um uppbyggingu og fjármögnun jarðganga og horft til reynslu nágrannabjórða. Stofnað verður opinbert félag um jarðgangagerð.
- Áætlun um uppbyggingu og fjármögnun jarðganga verður mótuð í samstarfi innviðaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Vegagerðarinnar.
- Jarðgangaaætlun þar sem jarðgangakostum er forgangsraðað verður lögð fram samhliða samgönguáætlun.
- Stofnað verður opinbert félag sem heldur utan um jarðgangagerð sem fjármagnað verður með notkunargjöldum í öllum jarðgöngum og framlögum úr samgönguáætlun.



1.4.5 Lagning bundins slitlags á tengivegi

Markmið:

Verulegur árangur náist í lagningu bundins slitlags á tengivegi sem nú eru með malar slitlagi. Framkvæmdum sé forgangsraðað m.a. með hliðsjón af þörfum atvinnu- og skólasóknarsvæða og byggðapróun. Með lagningu bundins slitlags á tengivegi er stuðlað að greiðari og öruggari samgöngum, styrkingu atvinnu- og skólasóknarsvæða og jákvæðum áhrifum á byggðapróun.

Aðgerðir:

- Markvisst verður unnið að lagningu bundins slitlags á tengivegi til að styðja við atvinnu- og byggðapróun og auðvelda skólaakstur á svæðum sem nú búa við malarvegi.
- Sérstakri fjárveitingu veitt til átaks í lagningu bundins slitlags á tengivegi með malar slitlagi. Tengivegaáætlun verður aðgengileg og samhæfð áherslum í byggða- og skipulagsmálum.



1.5 Skipulag sem undirstaða samfélags

Stefna ríkisins í skipulagsmálum er sett fram í landsskipulagsstefnu sem er ætlað að stuðla að samræmingu í stefnumótun um þróun byggðar og landnotkun og getur einnig haft áhrif á stefnumótun og áætlanir öðrum málaflokkum. Landsskipulagsstefnu er framfylgt í gegnum skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Fjögur leiðarljós við mótun landsskipulagsstefnu eru að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun, að skipulag sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum, að skipulag stuðli að lífsgæðum fólks og að skipulag styðji við samkeppnishæfni landsins alls og einstaka landshluta.

Við skipulagsgerð endurspeglast stefna sveitarstjórnar um þróun byggðar, samgangna og landnotkunar í sveitarfélaginu eða á því svæði sem skipulagsáætlun nær yfir. Í skipulagsáætlunum eru sett bindandi ákvæði um landnotkun, svo sem íbúðarbyggð, frístundabyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, vatnsvernd, samgöngur, landslag, náttúruvá og fleira.

Skipulagsáætlanir geta nýst sem stjórnþæki þegar kemur að loftslagsmálum. Þar geta komið fram áherslur til að draga úr loftslagsáhrifum byggðar og landnotkunar s.s. losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefni og áherslur til að tryggja aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga.

1.5.1 Endurskoðun landsskipulagsstefnu

1.5.2 Endurskoðun lagaramma skipulagsmála

1.5.3 Aukin áhersla á samþættingu málaflokka í húsnæðis- og skipulagsmálum

1.5.4 Skilvirkari og markvissari skipulagsferlar



1.5.1 Endurskoðun landsskipulagsstefnu

Markmið:

Heildstæð skipulagsstefna sem stuðlar að sjálfbærri landnýtingu og þróun byggðar, lífsgæðum og samkeppnishæfni byggða landsins og seiglu til að takast á við samfélags- og umhverfisbreytingar. Lögð verði fram stefna um skipulag á miðhálandi Íslands, í dreifbýli, um búsetumyndun og dreifing byggða og skipulag á haf- og strand-svæðum. Við endurskoðun stefnunnar er sérstök áhersla á samþættingu málaflokka ráðuneytisins þ.e. húsnæðismála, samgangna og byggðaðróunar auk aðgerða til að draga úr losun CO₂ í andrúmsloftið og aðlögunar að loftslagsbreytingum.

Aðgerðir:

- Endurskoðun landsskipulagsstefnu í samræmi við stefnu ríkisins í skipulagsmálum til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga og aðra um þróun byggðar og landnýtingar.
-

1.5.2 Endurskoðun lagaramma skipulagsmála

Markmið:

Unnið verður að endurskoðun skipulagslaga, m.a. með hliðsjón af markvissari áætlanagerð, aukinni skilvirkni og einföldun ferla.

Aðgerðir:

- Þróun ferla til að tryggja samþættingu við aðra málaflokka ráðuneytisins, þ.e. áherslur í byggðapróun, samgöngum, húsnæðis- og skipulagsmálum.
-

1.5.3 Aukin áhersla á samþættingu málaflokka í skipulagsmálum

Markmið:

Markvissari stefnumótun með ríkari áherslur á hagræna og félagslega þætti við gerð skipulags. Litið sé til þess hvernig skipulagsáætlanir geti greitt fyrir uppbyggingu húsnæðis.

Aðgerðir:

- Tryggja samræmingu milli skipulagsáætlana og málaflokka húsnæðis- og samgöngumála m.a. með innleiðingu verkferla fyrir samvinnu stofnana ráðuneytisins innan þessa málaflokks.
 - Tryggja heildaryfirsýn yfir stefnu sveitarfélaga í skipulagsáætlunum, núverandi landnotkun og tölulega stöðu uppbyggingar með samræmingu gagnagrunna.
 - Styrkja hlutverk skipulagsáætlana við að skapa markvissa og raunhæfa stefnumörkun í húsnæðisuppbyggingu, m.a. með því að tryggja að upplýsingar í húsnæðisætlunum endurspegli ákvarðanir um landnotkun í skipulagsáætlunum sveitarfélaga.
 - Rýna leiðir til að tryggja samþættingu samgöngumála við skipulagsgerð.
-

1.5.4 Skilvirkari og markvissari skipulagsferlar

Markmið:

Einfaldari og skilvirkari skipulagsferlar með skýrari áherslum, markvissara samráði og stafrænni stjórnsýslu. Með stafrænni skipulagsgátt og skipulagsáætlunum á stafrænu formi skapast tækifæri til bættrar yfirsýnar yfir nýtingu lands og aðgengi að upplýsingum um stöðu skipulags og meðferð skipulagsgerinda. Aukin upplýsingagjöf eykur aðgengi almennings að skipulagsmálum og styður við stefnumótun sveitarfélaga um þróun byggðar og landnotkunar.

Aðgerðir:

- Unnið verður að því að endurskoða regluverk, innleiða stafræna stjórnsýslu í auknum mæli og einfalda umgjörð um byggingariðnað í því skyni að lækka byggingarkostnað án þess að það sé á kostnað gæða og algildrar hönnunar.
- Greining á núverandi framkvæmd skipulagslaga í þeim tilgangi að greina mögulega flöskuhálsa. Vinna markvisst að úrbótum í stjórnsýslu sem eykur skilvirkni í afgreiðslu í skipulagsmálum. Finna leiðir til að einfalda og stytta ferlið. Þetta á við t.d. vegna undirbúnings nýs deiliskipulags og við breytingar á deili- og aðalskipulagi.
- Styrkja leiðbeiningahlutverk Skipulagsstofnunar með áherslu á þjónustu við sveitarfélög og aðra notendur kerfisins.
- Styrkja samvinnu og samþættingu afgreiðsluerinda í skipulags- og byggingarmálum milli Skipulagsstofnunar og HMS.
- Innleiða skipulagsgátt sem eykur gagnsæi umstöðu mála í ferlinu og auðveldar samskipti s.s. að senda út beiðnir um umsagnir og að móttaka upplýsingar.
- Styðja við vegferð Skipulagsstofnunar að stafrænni stjórnsýslu m.a. innleiðingu stafrænna skila á aðalskipulagi og hefja innleiðingu stafrænna skila á deiliskipulagi.



1.6 Hraðari orkuskipti

Ríkisstjórnin setur loftslagsmál í forgang í stjórnarsáttmála og eru markmið íslenskra stjórnvalda metnaðarfull. Draga á úr losun gróðurhúsalofttegunda um 55% eða meira til ársins 2030 (m.v. losun árið 2005). Þá skulu eflidar aðgerðir í kolefnisbindingu og landnotkun sem miða að því að ná markmiði um kolefnishlutleysi árið 2040. Í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er því áhersla lögð á orkuskipti í samgöngum á landi, í lofti og á sjó og breyttar ferðavenjur samhliða innviðauppbýggingu fyrir nýja orkugjafa og útfösun jarðefnaeldsneytis með það að markmiði að fullum orkuskiptum verði náð eigi síðar en 2040. Með samdrætti í losun er samhliða dregið úr mengun og stuðlað að bættum lífsgæðum um land allt.

1.6.1 Græn umskipti um land allt

1.6.2 Orkuskipti í samgöngum um land allt

1.6.3 Hraðari orkuskipti í fiskiskipum

1.6.4 Stuðningur við orkuskipti í innanlandsflugi



1.6.1 Græn umskipti um land allt

Markmið:

Stuðlað verði að eflingu hringrásarhagkerfisins um land allt með áherslu á græna atvinnuuppbyggingu, staðbundna styrkleika, aukna fullvinnslu í héraði og bætta nýtingu auðlindastrauma, þ.m.t. orkunýtingu.

Aðgerðir:

- Stutt verður við orkuskipti á landsvísu með áherslu á að horfa til orkutengdra verkefna og grænnar orkuframleiðslu. Byggðaaáætlun styðji við græn umskipti um allt land.



1.6.2 Orkuskipti í samgöngum um land allt

Markmið:

Nauðsynlegt er að bregðast hratt við losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og samgöngumannvirkjum eigi markmið Íslands í loftslagsmálum að nást sem og markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur. Með samdrætti í losun er samhliða dregið úr mengun og stuðlað að bættum lífsgæðum um land allt. Leita skal leiða til að jafnvægi náist sem fyrst í losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru höfð að leiðarljósi.

Aðgerðir:

- Unninn verður vegvísir að vistvænum samgöngum á Íslandi til ársins 2030 með skilgreindum tímasettum aðgerðum sem miði að því að markmiðum um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda m.v. stöðu 2005 verði náð. Hafa skal víðtækt samráð við hagaðila við vinnslu vegvísisins og samþætta við alla málaflokka ráðuneytisins.
- Áfram verður stutt við orkuskipti í samgöngum um land allt, þ.m.t. í þungaflutningum, ferjum og höfnum, og net hleðslustöðva þétt til stuðnings orkuskiptum í dreifðum byggðum og ferðaþjónustu.



1.6.3 Hraðari orkuskipti í fiskiskipum

Markmið:

Með því að hefja sjálfbæra lífolíuframleiðslu hér á landi eru stigin skref í þá átt að flýta orkuskiptum í skipum, bátum og ferjum landsins. Með árangri á því sviði er stutt við markmið Íslands í loftslagsmálum og um umhverfislega sjálfbærar samgöngur og dregið úr mengun. Þá er sjálfstæði Íslands í orkumálum aukið.

Aðgerðir:

- Stigin verða skref til að hefja sjálfbæra lífolíuframleiðslu til að flýta orkuskiptum í fiskiskipum og unnið að því að greiða götu verkefna á því sviði. Stutt verður við möguleg þróunarverkefni í orkuskiptum í innanlandsflugi.
- Næstu skref stigin í átt að því að hefja sjálfbæra lífolíuframleiðslu til að flýta orkuskiptum í skipum, bátum og ferjum landsins. Byggt á tillögum skýrslu starfshóps um ræktun og framleiðslu úr orkujurtum.
- Unnin verður tillaga að vegvísi að vistvænum samgöngum til ársins 2030 sem taki m.a. til orkuskipta í skipum, bátum og ferjum landsins.



1.6.4 Stuðningur við orkuskipti í innanlandsflugi

Markmið:

Markmið verkefnisins er að styðja við þróun í orkuskiptum í innanlandsflugi og tryggja að innviðir séu til staðar. Með árangri á því sviði er stutt við markmið Íslands í loftslagsmálum og um umhverfislega sjálfbærar samgöngur og dregið úr mengun. Jafnframt geta orkuskipti í flugi gert innanlandsflug hagkvæmara en nú þekkest með möguleikum á þéttara leiðaneti og lægri kostnaði til hagsbóta fyrir byggðir landsins og ferðapjónustuna. Loks hafa orkuskipti í flugi för með sér auknið sjálfstæði Íslands í orkumálum.

Aðgerðir:

- Stigin verða skref til að hefa sjálfbæra lífolíuframleiðslu til að flýta orkuskiptum í fiskiskipum og unnið að því að greiða götu verkefna á því sviði. Stutt verður við möguleg þróunarverkefni í orkuskiptum í innanlandsflugi.
- Unnið verður úr niðurstöðum starfshóps sem gerði tillögu að stefnu og aðgerðaáætlun um orkuskipti í flugi á Íslandi og tekin næstu skref til undirbúnings á mögulegu þróunarverkefni í orkuskiptum í innanlandsflugi.
- Unnin verði tillaga að vegvísi að vistvænum samgöngum til ársins 2030 sem taki m.a. til orkuskipta í innanlandsflugi.



1.7 Öflug vistvæn mannvirkjagerð

Undir málaflokkinn mannvirkjamál heyra málefni sem tengjast regluverki byggingariðnaðarins, markaðssetningu á byggingarvörum, rafmagnsöryggi og brunavörnum. Mörg þessara verkefna krefjast samráðs við Evrópubandalagið og við yfirvöld mannvirkjamála á Norðurlöndum. Unnið er að áætlun um einföldun regluverks mannvirkjamála í samræmi við tillögur í nýlegri skýrslu OECD og með hliðsjón af þróun mála hjá Evrópubandalaginu og á Norðurlöndunum.

Ein stærsta áskorun byggingariðnaðarins er efling sjálfbærni í mannvirkjagerð. Unnið er samkvæmt „Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030“. Vegvísirinn var unninn á vegum verkefnisins Byggjum grænni framtíð, sem er samstarfsvettvangur stjórnvalda og byggingariðnaðarins um vistvæna mannvirkjagerð. Samstarfið á rót sína að rekja til aðgerðar C.3 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum sem kom út í júní 2020.

1.7.1 Öflug vistvæn mannvirkjagerð.

1.7.2 Regluverk skili öruggum og hagkvæmum mannvirkjum

1.7.3 Öruggar og samræmdar brunavarnir um allt land

1.7.4 Vistvæn mannvirkjagerð í samgöngum



1.7.1 Öflug vistvæn mannvirkjagerð

Markmið:

Að stuðla að vistvænum áherslum í gerð bygginga og mannvirkja í samræmi við skuldbindingar stjórnvalda í loftslagsmálum. Setja markmið um samdrátt í losun kolefnis og minnkun vistspors og skilgreina aðgerðir til að ná þeim markmiðum.

Aðgerðir:

- Stuðlað verður að vistvænni mannvirkjagerð á Íslandi og samdrætti í losun frá byggingariðnaði.
- Innleiða aðgerðir vegvísis verkefnisins Byggjum grænni framtíð.



1.7.2 Regluverk skili öruggum og hagkvæmum mannvirkjum

Markmið:

Einföldun regluverks mannvirkjamála (bygginga-, bruna- og rafmagnsöryggismála) í samræmi við tillögur í skýrslu OECD, m.a. með auknu vægi markmiðsákvæða í byggingarreglugerð, endurskoðun á kröfum er varða löggildingar og starfsleyfi og eflingu rafrænnar stjórnáslu. Styrkja markaðseftirlit með byggingarvörum í samræmi við kröfur Evrópusambandsins og stuðla að eflingu rannsókna á sviði mannvirkjagerðar.

Aðgerðir:

- Unnið verður að því að endurskoða regluverk, innleiða stafræna stjórnáslu í auknum mæli og einfalda umgjörð um byggingariðnað í því skyni að lækka byggingarkostnað án þess að það sé á kostnað gæða og algildrar hönnunar.
- Byggingareglugerð verður endurskoðuð í samræmi við tillögur OECD um aukið vægi markmiðsákvæða í byggingarreglugerð og endurskoðunkrafna um réttindi, löggildingar og starfsleyfi hönnuða, iðnmeistara og byggingarstjóra.
- Áætlun um aðgerðir til einföldunar eftirlits með hönnun og framkvæmd í mannvirkjagerð.
- Styðja við rannsóknir í mannvirkjagerð, m.a. með því að tryggja fjármögnun Asks – mannvirkjarannsóknarsjóðs.



1.7.3 Samræmdar brunavarnir um allt land

Markmið:

Samræma brunavarnir um allt land með það að leiðarljósi að slökkvilið sveitarfélaganna séu skipulögð og vel mönnuð og hugi að menntun, þjálfun og búnaði til að geta með fullnægjandi hætti leyst af hendi þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt lögum.

Aðgerðir:

- Fylgja eftir úrbótum á grundvelli skýrslu HMS um stöðu slökkviliða og heildstæðrar greiningar á þeirri stöðu.

 - Setja fram tímasetta aðgerðaáætlun, í samráði við HMS og Samband íslenskra sveitarfélaga, til að efla brunaöryggi um allt land, þar sem horft verði til þess að slökkvilið verði viðbúin að mæta þeim áskorunum sem við má búast í nánustu framtíð.

 - Styðja og hvetja sveitarfélög til samstarfs og sameiningar þeirra slökkviliða sem hafa ekki burði til að uppfylla lögbundnar kröfur og/eða takast á við stórar áhættur.
-

1.7.4 Vistvæn samgöngumannvirki

Markmið:

Unnið er að því að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum en jafnframt er mikilvægt að horfa til þess hvernig draga megi úr losun frá uppbyggingu, viðhaldi og rekstri samgöngumannvirkja. Með þeim hætti er stutt við markmið stjórnvalda í loftslagsmálum og stuðlað að bættum lífsgæðum.

Aðgerðir:

- Lagt verður mat á losun gróðurhúsalofttegunda vegna uppbyggingar, reksturs og viðhalds samgöngumannvirkja og kannaðar leiðir til að draga úr kolefnisspori þessara mannvirkja. Tillögur settar fram í vegvísi að vistvænum samgöngum á Íslandi til ársins 2030 með skilgreindum tímasettum aðgerðum.



2. Flæði og framfarir



2.8 Framsækin stefnumótun og áætlanagerð

2.9 Aukin samhæfing áætlana

2.10 Þjónustumiðað skipulag stjórnsýslu

2.11 Hagræn áhrif og arðsemi áætlana

2.12 Loftslagsmál

2.8 Framsækin stefnumótun og áætlanagerð

Löng hefð er fyrir stefnumótun og áætlanagerð í innviðaráðuneytinu og forverum þess. Ráðuneytið hefur gert stefnu (fyrir starfsemina) með lýsingu á því hvernig hlutverk þess, gildi og framtíðarsýn tengjast stefnum og áætlunum í einstökum málaflokkum. Stefnur og aðgerðaáætlanir fyrir málaflokka ráðuneytisins sem samþykktar hafa verið af Alþingi eru samgönguáætlun, byggðaáætlun og stefna í sveitarstjórnarmálum. Unnið er að mótun húsnæðisstefnu og endurnýjun skipulagsstefnu og áætlunum sem þeim tengjast. Ráðherraskipuh ráð leiða vinnu við áætlanir og stefnumótun. Stefnur og áætlanir ráðuneytisins eru unnar eftir skilgreindu stefnumótunarferli Stjórnarráðsins, svokölluðum sporbaug stefnumótunar.

Markmið:

Sporbaugur stefnumótunar leggur grunn að samræmdum vinnubrögðum og samhæfingu áætlana. Markvissar áætlanir og árangursmælikvarðar sem fylgt er eftir á vefnum Vegvísir.is og innra mælaborði ráðuneytisins. Skilvirk og hagkvæm opinber fjármála-stjórn og starfsemi. Virkt eftirlit og innleiðing áætlana.

Aðgerðir:

- Stefna og aðgerðaáætlun séu til í öllum málaflokkum ráðuneytisins með áherslu á samhæfingu, árangursmat og kynningu.
- Vegvísir.is – nýttur við innleiðingu áætlana og upplýsingagjöf. Áætlun í málefnum sveitarfélaga bætt við. Einnig húsnæðisáætlun og landsskipulagsstefnu þegar þær liggja fyrir.
- Árangursstjórnun sé beitt í öllum málaflokkum og í samskiptum við stofnanir.
- Aukin nýting verkfæra um opinber fjármál og samstillt rekstrarmódel.

2.9 Aukin samhæfing áætlana

Húsnæðismál og skipulagsmál voru færð í nýtt innviðaráðuneyti til að tryggja betri samhæfingu með sveitarfélögum og aukinn stöðugleika á húsnæðismarkaði. Stjórnarsáttmáli kveður á um að áætlanir í samgöngumálum, húsnæðismálum og skipulagsmálum verði samþættar og lagðar fram samhliða og þannig tryggt að samgöngur séu í þágu byggðar og loftslags til að uppfylla ferðapörf og skapa sjálfbær hverfi og sjálfbærar byggðir. Sérstök áhersla er lögð á samvinnu milli skrifstofa ráðuneytisins varðandi samhæfingu áætlana.

Markmið:

Húsnæðismál og skipulagsmál verða færð í nýtt innviðaráðuneyti til að tryggja betri samhæfingu með sveitarfélögum og aukinn stöðugleika á húsnæðismarkaði. Áætlanir í samgöngumálum, húsnæðismálum og skipulagsmálum verða samþættar og lagðar fram samhliða og þannig tryggt að samgöngur séu í þágu byggðar og loftslags til að uppfylla ferðapörf og skapa sjálfbær hverfi og sjálfbærar byggðir.

Aðgerðir:

- Lög um stefnumarkandi áætlanir á sviði húsnæðismála, skipulagsmála, samgangna og byggðamála.
- Skípan stefnuráða og skilgreint hlutverk þeirra og verkefni og þátttaka í samhæfingu áætlana.
- Verkefnisáætlun um samþættingu áætlana.
- Þróun Vegvísis.is í tengslum við endurskoðun á áætlun byggðamála, samgönguáætlunar og sveitarstjórnaráætlunar og tenging við nýjar áætlanir í húsnæðis- og skipulagsmálum.
- Kynningarefni um samþættingu áætlana.
- Innviðaping haldið með almenningi, hagsmunaaðilum og stofnunum.
- Áætlanir í samgöngumálum, húsnæðismálum og skipulagsmálum verða samþættar og lagðar fram samhliða og þannig tryggt að samgöngur séu í þágu byggðar og loftslags til að uppfylla ferðapörf og skapa sjálfbær hverfi og sjálfbærar byggðir.



2.10 Þjónustumiðað skipulag stjórnsýslu

Heimsfaraldurinn leiddi af sér umfangsmiklar breytingar sem hafa munu varanleg áhrif á vinnuumhverfi og þjónustu. Ráðuneytið og stofnanir þess þurfa að þróast í takt við þær samfélagsbreytingar sem eru að eiga sér stað. Áhersla er lögð á stafrænt og verkefnumiðað umhverfi, gögn eru hagnýtt til að besta ákvarðanir og sjálfbærni er höfð að leiðarljósi. Með aukinni áherslu á árangursstjórnun skapast tækifæri í opinberum rekstri til að auka skilvirkni og nýta fjármagn betur.

Markmið:

Tryggjum samstarf og flæði gagna, upplýsinga og þekkingar milli ráðuneytis, stofnana og hagaðila í þeim tilgangi að bæta þjónustu og auka lífsgæði. Skilvirkni og þjónustugæði eru höfð að leiðarljósi við skipulag og einföldun regluverks. Tækifæri til einföldunar, samstarfs og samlegðar eru nýtt sem og tækifæri til uppbyggingar gagnagrunna og í stafrænni tækni og þróun. Virðing, jákvætt viðmót og traust endurspeglast í samskiptum og þjónustu við almenning og hagaðila. Aðgengi og einfaldleiki eru höfð að leiðarljósi við framsetningu upplýsinga.

Aðgerðir:

- Áfram verður unnið að endurskoðun á verkefnum Þjóðskrár og samlegð þeirra við verkefni annarra stofnana.
- Endurskoðun á stofnanakerfi innviðaráðuneytisins og verkaskiptingu ráðuneytis og stofnana þess.
- Endurskoðun verkefna innan Stjórnarráðsins.
- Viðhorfskannanir og umbótaverkefni um einföldun regluverks og þjónustuferla.
- Samhæfing með stofnunum um heildstæða og árangursmiðaða áætlanagerð, stefnumörkun og stjórnun í opinberum fjármálum.



2.11 Hagræn áhrif og arðsemi áætlana

Tækifæri felast í því að leggja heildrænt mat á áhrif áætlana á vegum IRN. Hefð er fyrir því að mat á samfélagslegum og hagrænum áhrifum úrbóta sé tvíþætt; annars vegar arðsemismat, þar sem oft er stuðst við hefðbundna kostnaðar- og ábatagreiningu og þættir eru verðlagðir og hins vegar mat á samfélagsáhrifum, þar sem teknir eru fyrir þættir sem erfitt eða ómögulegt er að verðleggja. Saman mynda þessi tvö aðskildu matsferli grunn til þess að líta heildrænt á samfélagsleg og hagræn áhrif. Niðurstöðurnar eru í kjölfarið nýttar til ákvarðanatöku. Einnig eru dæmi um að gerðar séu frekari greiningar, allt eftir markmiðum verkefnis hverju sinni. Þessar aðferðir þarf að þróa í öllum málaflokkum og rannsaka nánar. Sem dæmi skoða hvernig heppilegt er að tengja matsferli við regluverk um framkvæmdir og/eða áætlanir. Einnig hvernig hægt er að laga aðferðafræðina að öðrum framkvæmdum hérlendis, t.d. þeim sem hafa það að markmiði að stuðla að jákvæðri byggðaþróun. Slíkar framkvæmdir koma oftar en ekki illa út í einhliða arðsemisútreikningum. Lögð er áhersla á að greina verkefni í undirbúningsferli út frá fleiri þáttum en arðsemi og að taka tillit til þátta s.s. byggðaþróunar, sjálfbærni og annarra efnahags-, samfélags- og umhverfisáhrifa.

Markmið:

Arðsemis- og árangursmat og mat á hagrænum áhrifum áætlana verður tekið upp. Áreiðanlegar og gagnlegar upplýsingar um arðsemi og áhættu getað hraðað ákvarðanatöku, aukið verðmætasköpun og bætt gæði ákvarðana. Í umbótum vegna undirbúnings áætlana er aukin áhersla lögð á fjölgun mælikvarða og endurskoðun gildandi mælikvarða, sérstaklega hvað varðar mat á ávinningi. Aukin áhersla á greiningu og gagnavinnslu við undirbúning áætlana (svo unnt sé að spá t.d. um umferðarþróun, ferðavenjur, byggðaþróun).

Aðgerðir:

- Greiningartól nýtt við ákvarðanatöku og kostnaðarmat húsnæðisbóta.
 - Arðsemis- og árangursmat fyrir umferð, húsnæðisupbyggingu ríkisins, lánastarfsemi Bygðastofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, almenningssamgöngur.
 - Ráðuneytið hefur forgöngu um að stofnanir setji upp og nýti greiningartól í auknum mæli við áætlanagerð.
-

2.12 Loftslagsmál

Ríkisstjórnin setur loftslagsmál í forgang stjórnarsáttmála sínum og eru markmið íslenskra stjórnvalda metnaðarfull. Draga á úr losun gróðurhúsalofttegunda um 55% eða meira til ársins 2030 (m.v. losun árið 2005). Þá skulu efldar aðgerðir í kolefnisbindingu og landnotkun sem miða að því að ná markmiði um kolefnishlutleysi árið 2040.

Markmið:

Áhersla á orkuskipti í samgöngum um allt land. Með samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum er stutt við markmið Íslands í loftslagsmálum, markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur, dregið úr mengun og stuðlað að bættum lífsgæðum um land allt. Leita skal leiða til að jafnvægi náist sem fyrst í losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru höfð að leiðarljósi.

Aðgerðir:


- Mat á losun og stöðu orkuskipta

 - Mat á aðgerðum til að draga úr losun vegna mannvirkja, t.d. samgöngumannvirkja og bygginga

 - Vegvísir að vistvænum samgöngum

 - Vegvísir að vistvænni framtíð á sviði innviðaráðuneytisins.
-

3. Leiðandi ráðuneyti



3.13 Framsýnt fagfólk

3.14 Umbætur til árangurs

3.15 Traustsins verð

3.13 Framsýnt fagfólk

Eitt af gildum innviðaráðuneytisins er framsýni. Við eigum frumkvæði að umbótum, erum framsækin og víðsýn. Við leitum leiða til að bæta stjórnáslu og þjónustu ráðuneytisins.

Mikil og hröð þróun á sér stað á íslenskum vinnumarkaði sem og annars staðar í heiminum. Nýjar og breyttar áherslur þar sem stafrænar lausnir, hagnýting gagna, teymisvinna og verkefnaþað starfsumhverfi eru í forgrunni. Störf eru í auknum mæli óháð staðsetningu og sveigjanleiki og fjarvinna hafa aukist. Í takt við þessa þróun hefur athygli færst frá viðveru yfir á árangur. Stjórnendur og starfsfólk ráðuneytisins taka höndum saman við að þróa nýjar leiðir í takt við þessa samfélagsþróun. Fræðsla og starfsþróun tekur mið af breyttum áherslum. Ávinningur birtist í bættri yfirsýn, aukinni skilvirkni og betri nýtingu fjármuna sem eykur lífsgæði og bætir þjónustu.

Markmið:

Að ráðuneytið sé nútímalegur vinnustaður og vinnumhverfið aðlaðandi. Að starfsfólk fái áskoranir við hæfi og stuðning til að ná góðum árangri. Að starfsfólk ráðuneytisins upplifi öryggi og ánægju í starfi og geti unnið að markmiðum ráðuneytisins sem skila sér í árangri fyrir samfélagið og bættum lífskjörum almennings.

Aðgerðir:

- Þróun vinnustaðarmenningar og innviða vinnustaðarins í takt við breytta tíma.
- Verkefnaþað vinnumhverfi og teymisvinna.
- Stuðningur, þjálfun og starfsþróun í takt við nýja tíma.

3.14 Umbætur sem skila árangri

Eitt af gildum innviðaráðuneytisins er árangur. Við vinnum af fagmennsku og metnaði. Góð þjónusta ber árangur. Við erum innan fjárheimilda og höfum hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi.

Innviðaráðuneytið nýtir aðferðir gæðastjórnunar til að tryggja stöðugleika í gæðum og að starfað sé í samræmi við kröfur og markmið um árangur. Gæðastjórnunarkerfi ráðuneytisins samanstendur af skilgreindum stefnum, verkferlum, verklagsreglum og öðrum gæðaskjölum. Kerfið gerir ráð fyrir reglubundinni rýni og stöðugum umbótum til að auka árangur. Þær breytingar sem eiga sér stað í vinnuumhverfinu með aukinni fjarvinnu, sveigjanleika og betri vinnutíma kalla á nýja nálgun og breyttar vinnuaðferðir. Því er lögð áhersla á nýsköpun og þróun sem sparar tíma og eykur skilvirkni án þess að dregið sé úr gæðum.

Markmið:

Að þróa og aðlaga gæðakerfi ráðuneytisins að breyttu vinnuumhverfi. Einfalda og bæta aðgengi að gæðaskjölum og leiðbeiningum á innri vef. Að fræðsla og þjálfun stjórnenda og starfsfólks um gæðastjórnun sé hluti af viðhaldi gæðakerfisins. Árangur birtist í auknum gæðum þjónustu, bættri nýtingu vinnutíma og aukinni starfsánægju.

Aðgerðir:

- Virkt ferli stöðugra umbóta.
- Endurskoðun og einföldun verkferla með aukna skilvirkni að markmiði.
- Auðvelt aðgengi að gæðaskjölum.
- Reglubundin fræðsla og þjálfun stjórnenda og starfsfólks.
- Innra mælaborð IRN.

3.15 Traustsins verð

Eitt af gildum innviðaráðuneytisins er traust. Við leggjum áherslu á heiðarleika og skilvirkni, erum sanngjörn í samskiptum við almenning og eigum góð samskipti við hagsmunaaðila. Stjórnsýsla ráðuneytisins er opin og gagnsæ.

Ráðuneytið leggur áherslu á að eiga regluleg og árangursrík samskipti við almenning, stofnanir þess og alla hagsmunaaðila. Áhersla er lögð á opin samskipti, markvissa upplýsingagjöf og gott aðgengi að upplýsingum sem byggja á góðum gögnum og greiningum. Með þessu móti verður best tryggt að ráðuneytið þjóni hlutverki sínu sem er að líta eftir, upplýsa og leiða samfélagið til aukinna lífsgæða.

Markmið:

Samskipti við hagsmunaaðila og stofnanir ráðuneytisins eru virk og árangursrík. Ráðuneytið veitir stofnunum ráðgjöf og stuðning og sinnir eftirliti með starfsemi þeirra í samræmi við kröfur. Sett eru markmið og þjónustuviðmið í svörun erinda og skilvirka vinnslu úrskurða og kærumála. Unnið er samkvæmt áætlun um upplýsingamiðlun utan og innan IRN og kynningarefni er vandað og aðgengilegt. Skjalastýring er skilvirk og í samræmi við kröfur. Þjónustukannanir eru framkvæmdar reglulega og brugðist við niðurstöðum þeirra.

Aðgerðir:

- Þjónustuviðmið og markmið um svartíma erinda.
 - Markmið um málshraða í úrskurðar- og kærumálum.
 - Kynningarefni fyrir nýtt ráðuneyti og nýja málaflokka.
-

